

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Skjólshólar, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 11. janúar 2023 deiliskipulag Skjólshóla í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær yfir um 1 ha en fyrirhugað er að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk og koma upp litlum gistihúsum til útleigu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 28. mars 2023.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2023